



Hlutverk fararstjóra á landsmóti

Almenn umsjón og eftirlit með krökkunum allan tímann.

Áhersla á **kurteisi og góða framkomu**. Minnum börnin til dæmis á að þakka fyrir matinn.

Sjá um að allir hljóðfæraleikarar **hlíti þeim reglum** sem settar eru á gliststöðum. Framfylgja á góðum umgengnisháttum hjá krökkunum. Krakkarnir eiga að “búa um rúmin” og hafa farangurinn sinn í töskunni og töskuna hjá dýnunni.

Passa upp á að öll **skólagögn** sem geymd eru í kennslustofum og á göngum fái algjörlega að vera í friði.

Fylgja því eftir að farið sé **að sofa á tilskildum tímum** og sjá til þess að ró sé í skólastofunum eftir að þeir fyrstu vilja fara að sofa. Þeir krakkar sem vakna snemma verða að virða rétt annarra til að sofa lengur og þau eiga því að kúra hljóðlát áfram í sínum poka þar til fótaferðatíminn kemur.

Skilyrt er að að minnsta kosti einn **fararstjóri gisti í hverri þeirri skólastofu** sem gist er í.

Mikilvægt er að fararstjórar **skipti sér af** ef einhver læti eru í gangi eða annar órói. Skiptir þá engu úr hvaða hljómsveit viðkomandi börn eru.

Vera til **aðstoðar á matartímum** eftir þörfum. Máltíðir og morgunverður eru í FB fyrir alla þátttakendur. Kvöldhressing á föstudagskvöldi er sömuleiðis í FB fyrir alla. Öllum litasveitum er úthlutaður ákveðinn tími til að fara í mat og mikilvægt að fylgja þeim tímasetningum vel.

Aðstoða í kaffitímum. Morgunhressing og síðdegiskaffi á laugardegi er á æfingastað hverrar hljómsveitar.

Fararstjórar eru **viðstaddir á öllum samæfingum** og aðstoða stjórnendur sveitanna við að halda góðan vinnufrið. Mikilvægt að vera til staðar ef eitthvað bjátar á. Aðstoða við æfingarnar eftir getu.

Þegar **gengið er milli húsa** og farið yfir umferðargötur þarf að passa upp á krakkana að þau haldi umferðarreglur og fari sér ekki að voða.

Fara með börnunum í **sund og fylgja þeim í aðra viðburði** sem í boði er á mótinu. Í sundi fara sumir fararstjórar ofan í laugina en aðrir eru á laugarbakkanum.

Í **ratleik og á afþreyingu (sirkus, töfrásýning eða annað)** eru fararstjórar til staðar og passa upp á að allt gangi vel fyrir sig. Gætu hugsanlega þurft að aðstoða eitthvað við ratleikinn.

Sælgæti má einungis borða eftir kvöldmat á laugardegi. Hjálpum börnunum að halda það í heiðri.

Lokatónleikarnir:

Fylgja því eftir að hljóðlega sé gengið um á meðan á tónleikum stendur.

Hver litasveit hefur eitt horn á gólfi íþróttahússins þar sem þau sitja og bíða eftir að spila löggin sín. Eftir að þau hafa spilað sinn hluta á tónleikunum fara þau aftur á sinn stað og bíða þar til tónleikunum lýkur, en fara ekki upp í stúkuna. Fararstjórar sjá um að halda krökkunum rólegum á meðan á tónleikunum stendur.

Umsjón með þrifum þegar dvöl lýkur.

Sjá um að húsnæðinu sé skilað í góðu ástandi og sem líkast því sem var þegar komið var á staðinn. Raða stólum og borðum sem líkast því sem er á ljósmyndum sem mótshaldarar útvega og ættu að hanga uppi á vegg. Allt rusl fer í ruslafötur og passa þarf upp á að ekkert gleymist. Ekki þarf að skúra.

Öll landsmót á vegum SÍSL eru **laus við áfengi og önnur vímuefni**. Þetta gildir jafnt fyrir börnin og það fullorðna fólk sem er skráð á mótið. Fararstjórar eru beðnir um að fylgjast með því að þetta sé virt.